



TÓNSKÓLI
ÞJÓÐKIRKJUNNAR

NÁMSKRÁ

2026-2027

EFNISYFIRLIT

Námsframboð	3
Námskröfur	3
Námsmat	3
Orgelnám	4-7
- Grunnám	
- Miðnám	
- Framhaldsnám	
Píanóleikur með miðnámi í orgelleik	8
Tónfræðagreinar	8
- Almenn tónfræði, hljómfraði og tónheyrn	
Endurmenntun	9
- Einleiksáfangi á orgel	
- Orgelleikur	
- Söngur og raddbeiting	
- Hljómborðsfræði	
- Kórstjórn	
- Styttri námskeið	
Framhaldsdeild í kirkjutónlist	10-20
Inntökuskilyrði	10
Yfirlit kjörsviða	11-12
Áfangalýsingar framhaldsdeildar	13-20
- Orgelleikur	
- Lítúrgískur orgelleikur	
- Orgelhóptímar	
- Orgelfræði	
- Söngur	
- Þátttaka í kórstarfi	
- Kórstjórn	
- Barnakórstjórn	
- Raddþjálfun kóra	
- Tónfræðagreinar	
- Hljómborðsfræði	
- Tölusettur bassi	
- Kirkjufræði	
- Hagnýt kirkjusöngsfræði	
- Tónskólamesa	
- Lokatónleikar	
- Fjarnám	

Námsframboð

Tónskóli Þjóðkirkjunnar heldur uppi kennslu í kirkjutónlist. Námið í skólanum veitir góðan grunn fyrir frekara nám og störf á sviði kirkjutónlistar. Boðið er upp á nám í orgelleik á grunn- og miðstigi og við framhaldsdeild í kirkjutónlist. Hægt er að ljúka námi úr framhaldsdeild með framhaldsprófi í kirkjutónlist (eitt kjörsvið) eða kantorsprófi (tvö kjörsvið). Námið við framhaldsdeildina veitir góðan grunn fyrir frekari sérhæfingu á sviði kirkjutónlistar og hentar einnig tónlistarfólki sem hefur annan bakgrunn en kirkjutónlist og hyggur á starf við kirkjur. Námið er metið til eininga í framhaldsskólum og er framhaldspróf í kirkjutónlist lágmarkskrafa um nám til starfsréttinda sem organisti og/eða kórstjóri við Þjóðkirkjuna skv. starfsreglum hennar.

Auk þessa býður skólinn upp á endurmenntun fyrir starfandi organista, kórstjóra, kórsöngvara, presta, guðfræðinema og nemendur, sem og ýmis styttri námskeið.

Námskröfur

Í öllu námi skólans er gerð krafa um að nemandi skili 80% mætingu í allar greinar, þar sem það á við, og skili verkefnum og prófum samkvæmt námskrá. Hluti námsins felst í að koma fram opinberlega á tónleikum og í guðspjónustum. Lögð er áhersla á að allir nemendur komi fram á vegum skólans minnst tvisvar á hverri önn.

Námsmat

Nemendur fá einkunnir fyrir próf og verkefni og skriflega umsögn frá kennurum sínum í öllum fögum. Umsagnir eru gefnar fyrir ástundun og árangur.

Orgelnám

Í orgelnáminu kynnast nemendur orgelverkum frá ólíkum tímabilum og í ýmsum stíltegundum.

Þegar komið er upp í miðnám í orgelleik er mælt til þess að nemandi skrái sig í píanónám við annan tónlistarskóla, en á seinni stigum orgelnámsins þarf nemandi að ljúka miðprófi á píanó samhliða orgelnáminu. Kennt er samkvæmt námskrá Tónskóla Þjóðkirkjunnar og námskrá hljómborðshljóðfæra, gefinni út af menntamálaráðuneytinu.

Grunnnám

Miðað er við að nemendur séu orðnir 8-9 ára gamlir við upphaf náms. Í grunnnámi fær orgelnemandi 30 til 45 mínútur á viku eftir aldri og þroska, auk hóptíma sex sinnum yfir veturinn. Þegar nemandi er kominn áleiðis í orgelnáminu bætist við kennsla í tónfræði og tónheyrn samkvæmt námskrá. Nemandi þarf að ljúka grunnprófi í tónfræðagreinum áður en orgelpróf er tekið upp í miðnám. Kennt er samkvæmt námskrá Tónskóla Þjóðkirkjunnar og námskrá hljómborðshljóðfæra, gefinni út af menntamálaráðuneytinu.

Námsmat

Nemendur í grunnnámi fá umsögn frá kennara fyrir frammistöðu og ástundun í lok hverrar annar. Miðað er við að nemendur komi fram a.m.k. einu sinni á hverri önn í guðspjónustu þar sem þeir leiða söng við orgelið, og einu sinni á tónleikum. Grunnpróf eru tekin samkvæmt námskrá Tónskóla Þjóðkirkjunnar og menntamálaráðuneytisins.

Miðnám

Í miðnámi fær orgelnemandi 60 mínútur á viku í einkakennslu á orgel. Ef nemendur hafa ekki stundað píanónám er mælt til þess að nemendur skrái sig í nám á píanó og í tónfræðagreinum við annan tónlistarskóla, en nemandi þarf að ljúka miðprófi á píanó áður en nám við framhaldsdeild hefst. Kennt er samkvæmt námskrá Tónskóla Þjóðkirkjunnar og menntamálaráðuneytisins.

Námsmat

Nemendur í miðnámi fá umsögn frá kennara fyrir frammistöðu og ástundun í lok hverrar annar. Miðað er við að nemendur komi fram a.m.k. einu sinni á hverri önn í guðsþjónustu þar sem þeir leiða söng við orgelið, og einu sinni á tónleikum. Í lok hvers skólaárs fer fram vorpróf þar sem nemandi leikur 2 verk og 2 sálma að eigin vali. Miðpróf eru tekin samkvæmt námskrá Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Miðpróf í orgelleik frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

Tónstigar og brotnir hljómar 15 stig

Pedalæfing 12 stig

Sálmaspil 15 stig*

Verk 1 12 stig

Verk 2 12 stig

Verk 3 12 stig**

Óundirbúinn nótnalestur 12 stig

Heildarsvipur 10 stig

***Sálmaspil**

Nemandi skili inn lista með 6 sálmum. Á prófinu velur prófdómari 2 sálma af listanum. Sálmarnir skulu leiknir eftir fjögurra radda kóralnótamynd með fótspili, stuttum forspilum og a.m.k. tveimur versum.

**Verk 3 er val. Á miðprófi getur nemandi valið um að:

- (a) Leika tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.
- (b) Spinna út frá gefnu upphafi, lagi eða hljómfæri með eða án undirleiks.
- (c) Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- (d) Hljómsetja stutta laglínu óundirbúið.

Þyngdarstig

Þyngdarstig verkefna á prófinu skulu miðuð við miðstig í orgelleik samkvæmt námskrá gefinni út af menntamálaráðuneytinu, en þyngdarstig tónstigahlutans skal miðast við framhaldsstig þeirrar námskrár.

Framhaldsnám

Í framhaldsnámi fær orgelnemandi 60 mínútur á viku í einkakennslu á orgel. Miðað er við að nemandi hafi lokið miðprófi á píanó, orgel og í tónfræðagreinum áður en framhaldsnám í orgelleik hefst. Áður en að framhaldsprófstónleikum kemur þarf nemandi að ljúka tónfræðagreinum á framhaldsstigi samkvæmt námskrá skólans. Kennt er samkvæmt námskrá Tónskóla Þjóðkirkjunnar og námskrá hljómborðshljóðfæra, gefinni út af menntamálaráðuneytinu.

Námsmat

Nemendur í framhaldsnámi fá umsögn frá kennara fyrir frammistöðu og ástundun í lok hverrar annar. Miðað er við að nemendur komi fram a.m.k. einu sinni á hverri önn í guðspjónustu þar sem þeir leiða söng við orgelið, og einu sinni á tónleikum. Í lok hvers skólaárs fer fram vorpróf þar sem nemandi leikur 2 verk og 2 sálma að eigin vali.

Vörðu- og framhaldspróf eru tekin samkvæmt námskrá Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Vörðupróf

Nemandi þarf að ljúka vörðuprófi áður en framhaldspróf í orgelleik er tekið.

Nemandi skili lista yfir 5 verk í ólíkum stíltegundum og 7 sálma úr ólíkum áttum.

Tímalengd hvers verks skal vera u.þ.b. 2-4 mínútur, lengri verk geta talist sem 2 til 3 verk eftir lengd. Á listanum má vera eitt frumsamið verk eftir nemanda eða spuni. Frumsamið verk eða spuni getur ekki talist með lengri verkum.

Tveimur vikum fyrir próf velur prófdómari 2 sálma og 2 verk af listanum og nemandi eitt verk og einn sálm.

Sálmarnir skulu leiknir eftir fjögurra radda kóralnótmynd með fótspili, stuttum forspilum og a.m.k. tveimur versum þar sem einnig kemur fyrir cantus firmus í sópran í a.m.k. einum sálmi (sópran í hægri á sérborð, alt og tenór í vinstri á annað borð og bassi í pedal).

Framhaldspróf í orgelleik frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar

Sálmaspil 15 stig*

Pedalæfing 12 stig

Verk 1 12 stig

Verk 2 12 stig

Verk 3 12 stig

Verk 4 12 stig

Verk 5 10 stig**

Óundirbúinn nótnalestur 10 stig

Heildarsvipur 5 stig

*Sálmaspil

- Geta spilað fjögurra radda kóral af öryggi á eitt borð og pedal
- Geta spilað fjögurra radda kóral af öryggi á tvö borð og með pedal, sópran í hægri á sérborð, alt og tenór í vinstri og bassi í pedal (cantus firmus í sópran)
- Leiða inn í sálmana með stuttum, frumsömdum forspilum
- Nemandi skili inn lista með 10 sálum. Á prófinu velur prófdómari 2 sálma af listanum. Sálarnir skulu leiknir eftir fjögurra radda kóralnótamynd með fótspili, stuttum forspilum og a.m.k. tveimur versum þar sem einnig kemur fyrir cantus firmus í sópran í báðum sálum (sópran í hægri á sérborð, alt og tenór í vinstri á annað borð og bassi í pedal).

**Verk 5 er val: Á framhaldsprófi velja nemendur á milli þess að

- a) leika tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni
- b) leika samleiksverk þar sem próftaki gegnir veigamiklu hlutverki
- c) leika eitt verk á systurhljóðfæri (píanó, sembal)
- d) spuni yfir gefna laglínu
- e) leika frumsamið verk

Eitt verk þarf að vera leikið utanbókar.

Þyngdarstig

Þyngdarstig verkefna á prófinu skulu miðuð við framhaldsstig í orgelleik samkvæmt námskrá gefinni út af menntamálaráðuneytinu.

Framhaldsprófstónleikar

Að loknu framhaldsprófi í orgelleik og lokaprófi í tónfræðagreinum á framhaldsstigi fara fram framhaldsprófstónleikar. Nemandi leikur 30 til 60 mínútna efnisskrá valinna orgelverka að eigin vali. Hluti efnisskrárinnar má vera spuni eða flutningur á eigin tónsmíð.

Píanóleikur samhliða námi í orgelleik

Hafi nemandi ekki stundað píanónám áður er mælt til þess að nemandi skrái sig í nám í píanóleik og tónfræðagreinum í öðrum tónlistarskóla og stundi orgelnámið samhliða. Ljúka þarf miðprófi á píanó og tónfræðagreinum áður en nám á framhaldsstigi í orgelleik getur hafist.

Tónfræðagreinar

Almenn tónfræði, hljómfræði og tónheyrn

Miðað er við að nemendur hafi náð 11 ára aldri áður en formlegt nám í tónfræði hefst. Fram að því fer tónfræðikennsla fram samhliða hljóðfærakennslunni. Kennt er samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins. Miðað er við að nemendur ljúki grunn-, mið- og framhaldsprófum í tónfræðagreinum samhliða sambærilegum áföngum í orgelnáminu. Nám í tónfræðagreinum á mið- og framhaldsstigi fer fram í samstarfi við aðra tónlistarskóla.

Endurmenntun

Tónskólinn býður upp á endur- og símenntun á sviði kirkjutónlistar einkum í orgelleik, söng og hljómborðsfræði. Auk þess eru reglulega haldin styttri námskeið sem auglýst eru á heimasíðu skólans.

Einleiksáfangi á orgel

Einleiksáfangi er endurmenntun að loknu kantorsprófi fyrir þau sem vilja afla sér meiri menntunar í orgelleik. Náminu lýkur með opinberum tónleikum þar sem flutt er heil efnisskrá stærri orgelverka.

Orgelleikur

Tónskólinn býður upp á einkakennslu í orgelleik. Hægt er að sækja einkakennslu í orgelleik víða um land. Námið er einkum hugsað fyrir organista í starfi sem vilja bæta við sig en einnig þá sem langar að kynnast hljóðfærinu án skuldbindinga varðandi námskröfur.

Söngur og raddbeiting

Tónskólinn býður upp á einkakennslu í söng og raddbeitingu. Hægt er að sækja einkakennslu í söng víða um land. Námið er einkum hugsað fyrir organista, kórstjóra, söngvara í kirkjukórum og aðra þá sem vilja bæta við sig án skuldbindinga varðandi námskröfur.

Hljómborðsfræði

Tónskólinn býður upp á einkakennslu í hljómborðsfræði. Námið er einkum hugsað fyrir organista, kórstjóra og aðra þá sem vilja bæta við sig án skuldbindinga varðandi námskröfur.

Kórstjórn

Tónskólinn býður starfandi kórstjórum upp á þátttöku í kórstjórnartímum sem kenndir eru við skólann og er þá kennslan í formi meistaranámskeiðs. Námið er einkum hugsað fyrir organista og kórstjóra sem vilja bæta við sig án skuldbindinga varðandi námskröfur.

Styttri námskeið

Tónskólinn býður reglulega upp á styttri námskeið tengd kirkjutónlist sem einkum eru ætluð til að nýtast starfsfólki í kirkjum landsins, nemendum skólans og öðrum áhugasömum um efni námskeiðanna. Námskeiðin eru auglýst á heimasíðu skólans. Sem dæmi um námskeið eru *Ljómandi* námskeið, t.d. *Ljómandi Krílasálmur*, *Ljómandi leikir og upphitun fyrir kóra* o.fl. Einnig námskeið í spuna, gregorssöng svo eitthvað sé nefnt. Reglulega eru haldin meistaranámskeið fyrir nemendur og organista, fyrirlestrar, gítarnámskeið o.fl.

Framhaldsdeild í kirkjutónlist

Námið við framhaldsdeildina veitir góðan grunn fyrir frekari sérhæfingu á sviði kirkjutónlistar. Námið hentar einnig tónlistarfólki sem hefur annan bakgrunn en kirkjutónlist og hyggur á starf við kirkjur. Framhaldsdeild skiptist í tvö kjörsvið: kórstjórn og orgelleik. Hægt er að ljúka framhaldsprófi í kirkjutónlist af öðru kjörsviðinu, en til þess að ljúka kantorsprófi þarf nemandi að ljúka námi af báðum kjörsviðum. Námið er metið til eininga í framhaldsskólum og er lágmarkskrafa um nám til starfsréttinda til starfs sem organisti og/eða kórstjóri við þjóðkirkjuna skv. starfsreglum hennar.

Inntökuskilyrði

Kjörsvið - kórstjórn

Nemandi þarf að hafa lokið miðprófi á píanó og í tónfræðagreinum auk matsprófs og viðtals. Gera má ráð fyrir tveggja til þriggja ára námstíma.

Kjörsvið - orgelleikur

Nemandi þarf að hafa lokið miðprófi á píanó, orgel og í tónfræðagreinum auk matsprófs og viðtals. Gera má ráð fyrir tveggja til þriggja ára námstíma.

Framhaldsdeild í kirkjutónlist

Kjörsvið - kórstjórn

Inntökukröfur: Miðpróf á píanó og í tónfræðagreinum, matspróf og viðtal

Námsgrein	
Orgel (miðnám)	60 mínútur á viku allan námstímann
Orgelhóptímar	3x á önn allan námstímann
Söngur (miðnám)	45 mínútur á viku
Pátttaka í kórstarfi	Einn vetur skv. námskrá
Kórstjórn I og II	4 annir
Barnakórstjórn	Námskeið (kennt annað hvert ár)
Raddþjálfun kóra	Námskeið (kennt annað hvert ár)
Tónfræðigreinar (framhaldsstig)	Kennt í samvinnu við aðra tónlistarskóla
Hljómborðsfræði	30 mínútur á viku
Kirkjufræði	Námskeið (kennt annað hvert ár)
Hagnýt kirkjusöngsfræði	Námskeið (kennt annað hvert ár)
Tónskólamessa	Einu sinni á ári, skylda fyrir alla nemendur
Lokatónleikar	Skv. námskrá á útskriftarönn

Viðbót ef orgelkjörsvið er tekið með:

Orgel, framhaldsstig

Lítúrgískur orgelleikur

Tölusettur bassi, námskeið

Orgelfræði

Kjörsvið - orgelleikur

Inntökukröfur: Miðpróf á píanó, orgel og í tónfræðagreinum, matspróf og viðtal

Námsgrein	
Orgel (framhaldsstig)	60 mínútur á viku allan námstímann
Lítúrgískur orgelleikur	Hóptími 1x í viku, tvær annir
Orgelhóptímar	3x á önn allan námstímann
Orgelfræði	Námskeið, kennt annað hvert ár
Söngur (grunnstig)	45 mínútur á viku
Þátttaka í kórstarfi	Heill vetur skv. námskrá
Kórstjórn I	Tvær annir
Tónfræðigreinar (framhaldsstig)	Kennt í samvinnu við aðra tónlistarskóla
Hljómborðsfræði	30 mínútur á viku
Tölusettur bassi	Námskeið, kennt annað hvert ár
Kirkjufræði	Námskeið, kennt annað hvert ár
Hagnýt kirkjusöngsfræði	Námskeið, kennt annað hvert ár
Tónskólamessa	Einu sinni á ári, skylda fyrir alla nemendur
Lokatónleikar	Skv. námskrá á útskriftarönn

Viðbót ef kórstjórnarkjörsvið er tekið með:

Söngur, miðstig

Kórstjórn II, tvær annir

Raddþjálfun kóra, námskeið

Barnakórstjórn, námskeið

Nemendur í framhaldsdeild eru hvattir til að taka þátt í öllum í sérnámskeiðum og verkefnum á vegum skólans.

Áfangalýsingar námsgreina í framhaldsdeild í kirkjutónlist

Orgelleikur

Orgelleikur er skyldugrein fyrir alla nemendur í framhaldsdeild í kirkjutónlist og fær nemandi 60 mínútur á viku í einkakennslu á orgel allan námstímann. Í orgelnáminu kynnast nemendur orgelverkum frá ólíkum tímabilum og í ýmsum stíltegundum. Einnig þjálfast nemendur í að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng á orgel og í leik af fingrum fram. Markmið orgelnámsins er að nemandi geti leikið á orgel ólík verk við guðsþjónustur, verði kunnugur sálmahefð kirkjunnar og geti leikið undir sálmasöng af öryggi.

Námi lýkur með áfangaprófi í orgelleik í samræmi við kröfur kjörsviða sem er miðpróf við námslok á kórstjórnarkjörsviði og framhaldspróf við námslok á orgelkjörsviði. Kennt er samkvæmt námskrá hljómborðshljóðfæra, gefinni út af menntamálaráðuneytinu.

Sjá nánar um markmið og námsmat undir *miðnám í orgelleik* bls. 5 og *framhaldsnám í orgelleik* bls. 6-7

Lítúrgískur orgelleikur

Námskeiðslýsing

Lítúrgískur orgelleikur er skyldugrein fyrir nemendur í framhaldsdeild - orgelkjörsviði. Í námskeiðinu þjálfast nemendur í að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng á orgel. Áhersla lögð á viðeigandi artíkúlasjón, hraða og raddval bæði með tilliti til stíls og uppruna laganna, texta og textainnihalds. Einnig þjálfast nemendur í leik af fingrum fram en lögð er áhersla á að nemendur geti spunnið stutt sálmaforspil og styttri form til notkunar við helgihald. Kennt er í hóptímum einn vetur.

Hæfniviðmið

Nemandi geti leikið sálmalög úr íslensku sálmaþókinni af öryggi með fótspili, bæði eftir fjögurra radda kóralnótnamynd, eftir bókstafshljómum (Ný sálmasöngsbók 2023) og á mismunandi hátt m.a. á tvö hljómborð og fótspil (cantus firmus í sópran).

Nemandi hafi færni í hljómsetningu sálmalaga, geti spunnið stutt og einföld sálmaforspil og leitt safnaðarsöng.

Námsmat

Umsögn kennara og próf.

Orgelhóptímar

Orgelhóptímar fara fram sex sinnum á hverjum vetri. Þátttaka og undirbúningur er skylda fyrir nemendur beggja kjörsviða framhaldsdeildar. Nemendur fá umsögn kennara fyrir ástundun og virka þátttöku.

Orgelfræði

Nám í orgelfræði er 21 tíma námskeið sem fram fer að hluta sem staðnám og að hluta sem fjarnám. Nemendur öðlast undirstöðuþekkingu á uppbyggingu orgelsins, læra að þekkja sögu orgela síðustu 600 ár og verða færir um að gera bilanagreiningu ásamt því að gera við einfaldar bilanir. Námskeiðið er skylda fyrir nemendur framhaldsdeildar - orgelkjörsviði.

Markmið

Í verklegum hluta námsins læra nemendur um uppbyggingu orgelsins, fá kennslu í stillingu tunguradda og æfa bilanagreiningu. Lýsingar á hlutum orgels. Verklegur hluti fer fram í staðnámi. Í sögulegum hluta námskeiðsins er fjallað um sögu orgelsins, sögulegum orgelum lýst og hlustað er á hljóðdæmi. Nemendur gera hljóðfæralýsingar frá hverju tímabili. Sögulegur hluti fer fram í fjarnámi.

Námsmat

Virk þátttaka, kennaramat.

Söngur

Söngur er skyldugrein fyrir nemendur í framhaldsdeild í kirkjutónlist. Nemendur fá 45 mínútur í einkakennslu í hverri viku allan námstímann. Á hverri önn eru einnig kenndir hóptímar. Markmið söngnámsins er að undirbúa nemendur fyrir hlutverk organista sem forsöngvara og kórstjóra. Áhersla er lögð á samsöng og að nemandi öðlist þá þekkingu á raddbeitingu og hljómmyndun sem nýtist við tilsögn kóra. Meginþættir kennslunnar eru: raddbeiting, raddþjálfun, söngur og kennslufræði. Áhersla er lögð á líffærafræði raddarinnar og eðlilega beitingu líkamans.

Námsmat

Nemendur fá umsögn frá kennara fyrir frammistöðu og ástundun í lok hveurrar annar. Að lokinni síðustu önn taka nemendur lokapróf og hafa val um að ljúka áfangaprófi í söng samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins.

Lokapróf á orgelkjörsviði

Á lokaprófi í söng á orgelkjörsviði framhaldsdeildar, flytja nemendur samtals þrjú lög, þar af eitt samsöngslag og einn sálm. Einnig fer fram munnlegt viðtal við prófdómara þar sem nemandi sýnir þekkingu á raddbeitingu og hljómmyndun sem nýtist við tilsögn kóra.

Fyrir lokaprófið skila nemendur lista með 20 lögum, þar af skulu vera 10 sálmar úr gildandi sálmabók kirkjunnar. Á lokaprófi flytur nemandi tvö lög af listanum að eigin vali í samráði við kennara, þar af þarf eitt að vera í samsöng (tvísöng eða fjölraddað) þar sem nemandi er í burðarhlutverki (einn með sína rödd). Viku fyrir próf velur prófdómari einn sálm af listanum sem nemandi flytur á prófinu. Þyngdarstig verkefna á prófinu skulu miðuð við grunnstig í söng samkvæmt námskrá gefinni út af menntamálaráðuneytinu.

Lokapróf á kórstjórnarkjörsviði

Á lokaprófi í söng á kórstjórnarkjörsviði framhaldsdeildar, flytja nemendur samtals fjögur lög, þar af eitt samsöngslag og tvo sálma. Einnig fer fram munnlegt viðtal við prófdómara þar sem nemandi sýnir þekkingu á raddbeitingu og hljómmyndun sem nýtist við tilsögn kóra. Fyrir prófið skila nemendur lista með 20 lögum, þar af skulu vera 10 sálmar úr gildandi sálmabók. Á lokaprófi flytur nemandi tvö lög af listanum að eigin vali í samráði við kennara, þar af þarf eitt að vera í samsöng (tvísöng eða fjölraddað) þar sem nemandi er í burðarhlutverki (einn með sína rödd). Viku fyrir próf velur prófdómari tvo sálma af listanum sem nemandi flytur á prófinu. Þyngdarstig verkefna skulu miðuð við miðnám í söng samkvæmt námskrá gefinni út af menntamálaráðuneytinu.

Þátttaka í kórstarfi

Nemendur í framhaldsdeild á báðum kjörsviðum þurfa að taka þátt í kórstarfi í tvær annir á námstímanum, þar af starfi kirkjukórs í a.m.k. eina önn. Kórarnir sem metnir eru til þátttöku þurfa að æfa a.m.k. einu sinni í viku og halda tónleika á hverri önn.

Nemendur fá innsýn í innra starf kórsins og stjórnar hans og taka þátt í heilu ferli við undirbúning og framkvæmd á a.m.k. einum tónleikum á námstímanum. Nemandi þarf ekki að borga félagsgjöld í kórnum á námstímanum. Æskilegt er að kórstjóri veiti nemanda innsýn í starf kórstjórans og hvernig verk eru valin fyrir tónleika eða athafnir, hvernig inntökuþróf fara fram, hvernig félagslífi kórsins er háttað og hvernig stjórnarstörf fara fram.

Námsmat

Nemendur fá umsögn kórstjóra fyrir ástundun og virka þátttöku í lok hvernar annar. Mætingarskylda á æfingar kórs er 70%

Kórstjórn

Námstími

Orgelkjörsvið framhaldsdeildar í kirkjutónlist: Tvær annir

Kórstjórnarkjörsvið framhaldsdeildar í kirkjutónlist: Fjórar annir

Kórstjórn er skyldugrein fyrir bæði kjörsvið framhaldsdeildar í kirkjutónlist. Kennendur eru undirstöðuatriði í kórstjórn en í því felst að undirbúa kórverk, með eða án undirleiks, og stjórna flutningi þeirra. Nemendur öðlist tæknilega færni og þekkingu til að túlka og móta tónlistina á skýran hátt með tilliti til stíls, textainnihalds og stemmingar.

Nemendur öðlist þekkingu á uppbyggingu kórastarfs, skipulagi kóræfinga, raddmótun og viðeigandi verkefnavali.

Markmið

Nemendur læri að slá grunntakttegundir með skýru, taktföstu slagi og góðri líkamsbeitingu, hafi vald á taktslagi fyrir mismunandi styrkleika og kunni skil á sjálfstæðri notkun handanna við túlkun kórverka. Nemendur öðlist þekkingu á tilgangi raddþjálfunar í kórstarfi og geti stýrt upphitun. Nemendur öðlist færni til að æfa og stjórna einföldu fjögurra radda kórverki og þjálfist í að velja kórverk fyrir tónleika og gera lagaröð.

Námsmat

Eftir tvær annir: Nemandi stjórnar einu kórverki í Tónskólamessu, kennaramat.

Eftir fjórar annir: Nemandi stjórnar kórverkum að eigin vali á lokatónleikum úr framhaldsdeild, kennaramat.

Barnakórstjórn

12 tíma námskeið þar sem nemandi tekur þátt í þjálfun starfandi barnakórs undir leiðsögn stjórnanda hans. Námskeiðið er skylda fyrir nemendur á kórstjórnarkjörsviði framhaldsdeildar og fer fram sem fyrirlestrar, umræður og virk þátttaka á æfingum barnakórs.

Markmið

Markmið námskeiðs í barnakórstjórn er að nemandi fái innsýn starf barnakórstjóra, kynnist aðferðafræði, nálgun og námsefni og öðlist grunnþjálfun í kennslu barnakóra.

Námsmat

Virk þátttaka, kennaramat.

Raddþjálfun kóra

6 tíma námskeið þar sem lögð er áhersla á að nemandi öðlist þekkingu á raddþjálfun og kennslu við tilsögn kóra. Námskeiðið er skylda fyrir nemendur á kórstjórnarkjörsviði framhaldsdeildar og fer fram sem fyrirlestrar, umræður og virk þátttaka við raddþjálfun á kóræfingu.

Námsmat

Virk þátttaka, kennaramat.

Tónfræðagreinar

Miðað er við að nemendur í framhaldsdeild ljúki tónfræðagreinum á framhaldsstigi. Nám í tónfræðagreinum fer fram í samstarfi við aðra tónlistarskóla.

Hljómborðsfræði

Námstími

Nemendur í framhaldsdeild í kirkjutónlist á báðum kjörsviðum fá 30 mínútna kennslutíma á viku allan námstímann.

Námslýsing

Í faginu þjálfast nemendur í verklegri hljómfraeði við hljómborðið þar sem unnið er út frá bókstafshljómum, einkum í sálmum, sönglögum og dægurtónlist (einkum í sálmum og dægurtónlist/ryþmískri tónlist). Kennd eru grunnatriði við hljómsetningar sálmalaga, almennra sönglaga og dægurtónlistar, tóntegundaskipti og tónflutningur þjálfaður og að spila eftir eyranu.

Markmið

Markmið hljómborðsfræði er að nemendur nái aukinni færni við hljómsetningar, við meðleik í ýmsum stíltegundum og geti notað píanóið við vinnu með kór, í guðspjónustum, athöfnum og við að leika undir söng.

Námsmat

Námi í hljómborðsfræði lýkur með lokaprófi þar sem lögð er áhersla á færni samkvæmt námslýsingu og meðleik með söng.

Lokapróf í hljómborðsfræði

Stakir hljómar að vali prófdómara (15%)

Kadensur og II V sambönd að vali prófdómara (15%)

Undirbúið aðallag 1 með laglínu, flutt án meðleiks (20%)

Undirbúið aðallag 2 án laglínu, flutt án meðleiks (20%)

Eitt lag valið af sex laga lista valið af prófdómara. Valkvætt að flytja með meðleiksforriti (15%)

Óundirbúin nótnalestur – undirleikur við einfalt lag með bókstafshljómum (15%)

Tölusettur bassi

Námstími

Framhaldsdeild í kirkjutónlist - kjörsvið orgelleikur: Námskeið, 7 tímar.

Námslýsing og námsmat

Nemendur læra undirstöðuatriði í leik eftir tölusettum bassa. Æfðar verða niðurlagsæfingar í öllum tóntegundum ásamt tónflutningi í skyldar tóntegundir. Námskeiðinu lýkur með lokaprófi.

Námsefni

Georg Philipp Telemann: Singe-, Spiel- und Generalbassübungen

Jesper Bøje Christensen: Die Grundlagen des Generalbassspiels im 18. Jahrhundert, o.fl.

Kirkjufræði

Kirkjufræði er 24 tíma grunnnámskeið í biblíu- og trúfræði þar sem veitt er innsýn í guðfræði þjóðkirkjunnar og annarra kirkjudeilda. Námskeiðið er skylda fyrir alla nemendur beggja kjörsviða framhaldsdeilda. Einnig er farið í stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Markmið

Að nemandi kynnist Biblíunni og notkun hennar og fái innsýn í trúfræði og játningar hinnar evangelísk-lúthersku kirkju. Að nemandi öðlist þekkingu á stjórn og starfsháttum þjóðkirkjunnar.

Námsmat

Virk þátttaka og kennaramat.

Hagnýt kirkjusöngsfræði

24 tíma bóklegt og verklegt námskeið um messu- og sálmasöngshefð íslensku kirkjunnar. Námskeiðið er skylda fyrir alla nemendur beggja kjörsviða framhaldsdeildar. Á námskeiðinu kynnst nemendur sálmaþók íslensku kirkjunnar, fræðast um grunnhugsun almennrar messu safnaðarins og æfast í sálmaþali og messuflutningi. Farið er yfir sögu messuþalds frá siðþreytingu og þróun messusöngs frá þeim tíma til okkar daga.

Markmið

Að nemandi öðlist haldbæra þekkingu á almennri messu safnaðarins, verði handgenginn gildandi sálmaþók og fái yfirlit yfir sögu og þróun messusöngs frá siðþreytingu.

Námsmat

Skrifleg og verkleg verkefni, virk þátttaka og kennaramat.

Tónskólamessa

Á hverri vorönn undirbúa allir nemendur Tónskólans messu með virkri þátttöku. Þátttaka og undirbúningur messunnar er skylda fyrir nemendur framhaldsdeildar. Nemendur fá umsögn kennara fyrir ástundun og virka þátttöku.

Lokatónleikar úr framhaldsdeild í kirkjutónlist

Námi við framhaldsdeild lýkur með lokatónleikum. Áður en að lokatónleikum kemur þarf nemandi að hafa lokið öllum námsgreinum og uppfyllt kröfur kjörsviðs síns. Nemandi undirbýr 30 til 60 mínútna langa efnisskrá þar sem a.m.k. 12 til 15 mínútur skulu vera einleikur á orgel. Efnisskráin getur að öðru leyti verið fjölbreytt eftir áhugasviði nemanda.

Önnur atriði á efnisskrá tónleikanna geta t.d. verið:

- Einleikur á orgel og/eða píanó
- Samspil með öðrum hljóðfæraleikurum eða söngvurum á hljómborðshljóðfæri
- Orgelspuni
- Flutningur á eigin tónsmíð
- Stjórna kór
- Samsöngur í litlum hóp þar sem nemandi er í burðarhlutverki (einn með sína rödd)
- Leiða almennan söng

Lokatónleikar mega vera heil, opinber messa hjá einum af söfnuðum þjóðkirkjunnar þar sem nemandi leikur einleik á orgel, leikur undir söng, stjórnar kór og hefur umsjón með öllum tónlistarflutningi messunnar.

Fjarnám

Hægt er að stunda nám í framhaldsdeild í kirkjutónlist að hluta í fjarnámi. Skilyrði er þó að nemandi geti a.m.k. hitt kennara í orgelleik einu sinni í viku í nærumhverfi og sótt staðlotur a.m.k. fjórum sinnum yfir veturinn til Reykjavíkur þar sem aðalaðsetur Tónskólans er. Í staðlotum verða hóptímar í orgelleik, Tónskólamessa, veitt tilsögn í kórstjórn sem og önnur tilfallandi námskeið.